

Mánudaginn 16. nóvember 1981.

Nr. 233/1981. **Ákærvaldið**
 gegn
Erni Sigfússyni.

Kærumál. Leyfi til kæru. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Varnaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 12. s. m. Krefst hann þess, að dæmt verði, að Þórður Þórðarson, fulltrúi sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, sé vanhæfur til að fara með mál þetta og að hann skuli víkja sæti í því. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ekki hefur verið leitað leyfis ríkissaksóknara til að kæra úrskurð sakadóms til Hæstaréttar samkvæmt 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

21. október 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 21. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Hinn 17. sept. sl. var af hálfu ríkissaksóknara gefin út ákæra á hendur Erni Sigfússyni, fæddum 27. júní 1958, til heimilis að Hverfisgötu 78 hér í borg, fyrir ætluð brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Ásgeir Friðjónsson sakadómari fól fulltrúa sínum, Þórði Þórðarsyni, málið til meðferðar.

Nefndum Erni var birt ofangreind ákæra 28. sept. sl., en málið var síðan þingfest hér í dómi 2. okt. sl.

Við þingfestingu málsins var að ósk nefnds Arnar eftir honum bókað eftirfarandi: „Vegna kæru, er ég og 52 aðrir aðilar lögðum fram á hendur þessa dómstóls og fíkniefnalögreglu, þá óttast ég, að dómstóllinn verði óvilhallur, en ekki hlutlaus, eins og lög kveða á um, og þykir mér það sýnt.“

Þá gerði margnefndur Örn síðar í sama þinghaldi þá kröfu, „að skipuðum dómendum þessa dómstóls verði vikið úr starfi og aðrir réttssýnni taki þeirra sæti.“

Í framhaldi af ofangreindu og í sama þinghaldi bókaði dómari þá athugasemd, að enda þótt í fyrri orðréttri tilvitnun fælist bersýnileg þversögn og ekki yrði um þá síðari í máli þessu fjallað eða á þessum vettvangi, þætti rétt að telja fram kominn þann vilja nefnds Arnar, að í úrskurði yrði fjallað um og afstaða tekin til hæfis dómara varðandi meðferð ofangreinds máls.

Ásgeir Friðjónsson sakadómari óskaði með bréfi, dags. 2. okt. sl., til Jóns Thors, deildarstjóra í dómsmálaráðuneyti, upplýsinga um tilvist og eðli „kæru“, er átt gæti við ofanritað, svo og hvort hún hefði, ef til væri, hlotið umfjöllun ráðuneytis eða hvað ráðgert væri í því sambandi.

Í svarbréfi Jóns Thors deildarstjóra, dags. 6. okt. sl., var staðfest, að ráðuneytið hefði 30. mars sl. móttakið tvö bréf, annað dags. 27. mars 1981, frá Eggert B. Arnórssyni, en hitt dagsett 27. og 30. mars sl., frá Agnari Agnarssyni, og í nefndum bréfum fram bornar ýmsar sakir á hendur Ásgeiri Friðjónssyni, sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum. Fylgdu margnefnd bréf í ljósriti til dómsins, en fram var tekið af hálfu ráðuneytis, að umrædd erindi hefðu þar ekki hlotið afgreiðslu.

Ráða má af ljósriti undirskriftalista, er dómsmálaráðuneyti sendi þessu embætti með ofangreindum bréfum Agnars Agnarssonar og Eggerts B. Arnórssonar, að nefndir listar séu taldir bréfunum viðkomandi og að nefndur Örn Sigfússon sé einn þeirra, er nafn sitt rituðu á nefnda lista.

Með bréfi dómsmálaráðuneytis, dags. 12. þessa mánaðar, var Ásgeiri Friðjónssyni sakadómara tilkynnt, að ráðuneytið hefði afgreitt áðurnefnd erindi Agnars Agnarssonar og Eggerts B. Arnórssonar og ekki talið þau gefa tilefni til aðgerða af hálfu ráðuneytis. Fylgdu með ofangreindu bréfi ljósrit svarbréfa til Agnars og Eggerts margnefndra frá ráðuneyti, dags. 9. þessa mánaðar.

Dómari ákvað með vísan til 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936, þar sem segir, að dómari úrskurði sjálfur um það, hvort hann víki sæti, að úrskurðað skyldi í tvennu lagi um ofangreinda kröfu Arnar Sigfússonar.

Með úrskurði, uppkveðnum fyrr í dag, hafnaði Ásgeir Friðjónsson sakadómari þeirri kröfu Arnar Sigfússonar, að hann teldist vanhæfur til þess að vinna að eða láta vinna að ofangreindu sakadómsmáli nr. 827/1981.

Í þessum úrskurði verður því aðeins tekin afstaða til þess, hvort Þórður Þórðarson fulltrúi teljist vanhæfur til að vinna að sakadómsmáli nr. 827/1981.

Með vísan til alls ofanritaðs og að athuguðum þar greindum gögnum og virtum þykir ekkert fram komið, er valdi vanhæfi Þórðar Þórðarsonar fulltrúa til þess að vinna að sakadómsmáli nr. 827/1981, ákærvaldið gegn Erni Sigfússyni, enda dómara ekki kunnugt um, að neitt það, er segir í 1. mgr. 7. tl. 36. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74/1974, eigi við um hann, enda ekkert fram komið, er renni stoðum undir kröfu-gerð Arnar Sigfússonar þar að lútandi.

Samkvæmt því, sem rakið er, verður krafa Arnar Sigfússonar því ekki tekin til greina.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu Arnar Sigfússonar um, að Þórður Þórðarson, fulltrúi í ávana- og fíkniefnamálum, skuli talinn vanhæfur til þess að vinna að sakadómsmáli nr. 827/1981.
